

Samkomulag
Félags íslenskra hljómlistarmanna
og
Sinfóníuhljómsveitar Íslands

1.gr.

Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) hafa orðið ásátt um að eftirfarandi skuli gilda varðandi kaup og kjör þeirra sem ráðnir eru hjá SÍ til skemmri tíma en 30 þjónustur á hverju starfsári.

2.gr

Fyrir hverja unna þjónustu skal greitt 35.241 kr.

3.gr

Þau sem falla undir þetta samkomulag skulu boðuð til allra þeirra þjónusta sem verk það (þau) er leikið sem þau eru ráðin til. Ef hljóðfæraleikari, sem fengið hefur afhentar nótur vegna fyrirhugaðra tónleika er afboðaður gilda eftirfarandi ákvæði:

- Allar þjónustur eru greiddar ef afboðað er með minna en viku fyrirvara
- Tvær þjónustur skulu greiddar ef afboðað með 1-2 vikna fyrirvara
- Ein þjónusta skal greidd ef afboðað er með meira en 2 vikna fyrirvara

Fyrirvari í afboðunarákvæðum hér að ofan miðast við fyrstu þjónustu fyrir hverja tónleika.

Greitt er álag fyrir þjónustur sem eru um kvöld og helgar:

Vaktaálag I (kl. 17:00-24:00 mánudaga til fimmtudaga) 5.568 kr.

Vaktaálag II (kl. 17:00-24:00 föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Sérstaka frídaga 00:00-24:00) 9.211 kr.

Vaktaálag III (kl. 00:00-24:00 stórhátíðardaga) 15.073 kr.

4.gr.

Hver þjónusta standi í allt að 3,0 klst. en reiknist sem 4,0 klst miðað við nógildandi stofnanasamning SÍ og Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Verði breyting þar á skal greinin endurskoðuð.

5.gr.

- Fyrir leik á aukahljóðfæri, eitt eða fleiri, greiðist 30% álag ofaná greiðslur skv. 2. gr. í samkomulagi þessu.
- Fyrir hljóðfæraleik í leiðarastöðu greiðist 15% álag ofaná greiðslur skv. 2. gr. í samkomulagi þessu.

6.gr.

Heimilt er að útvarpa og sjónvarpa tónleikum sem hljómsveitin ákveður. SÍ fær ótakmarkaðan rétt til að nýta allan sýningar- og útgáfurétt á tónleikum. Réttur þessi nær til sýninga í hvers konar sjónvarpi ásamt útgáfu þeirra og dreifingar á sölu- og leigumyndböndum, mynddiskum (DVD), á interneti og til hvers konar nýtingar og endurnýtingar í öllum miðlum sem þekktir eru í dag eða kunna að þróast á komandi árum.

7.gr.

Sambærileg ákvæði gilda um ferðir utan Reykjavíkur og utanlands og gilda skv. kafla 5 í kjarasamningi fjármálaráðherra og SMFSÍ.

8.gr.

Um greiðslu orlofs fer skv. gr. 4.2, tryggingar eru í samræmi við kafla 7 og um veikindarétt fer í samræmi við gr. 12.2.4. í samningi fjármálaráðherra og SMFSÍ. Greiða skal 8,8% hljóðfæragjald ofan á laun skv. 2.gr. í samkomulagi þessu. Fatapeningar verði 1.800 kr. Niðurgreiðsla vegna kostnaðar við bílastæða-vikupassa (í Hörpu) er 1.000 kr. Greiða skal félagsgjald 1,2%, 1% í sjúkrasjóð og 0,25% í orlofssjóð BHM.

9. gr.

Vinnulaun greiðast mánaðarlega eftir á, fyrsta virka dag hvers mánaðar og yfirvinna í samræmi við venjur.

10.gr.

Meðan þeir sem vinna skv. samkomulagi þessu eru að störfum fyrir SÍ er hljómsveitinni skylt að tryggja hljóðfæri fyrrnefndra á sambærilegan hátt og hljóðfæri þeirra sem vinna skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og SMFSÍ.

11.gr.

Þessi samningur er afturvirkur frá 1. nóvember 2023. Varðandi samninga til framtíðar eru aðilar sammála um að afturvirkni lausavinnusamningsins gildi frá dagsetningu samnings fyrir fastráðin hjá SÍ hverju sinni. Lausavinnusamningurinn er alltaf gerður beint í kjölfar samnings fyrir fastráðin og fylgir niðurstöðu síðarnefnda samningsins um breytingu á launakjörum.

12.gr.

Samkomulag þetta gildir frá 1. nóvember 2023 og til 31. júlí 2024 og rennur út án uppsagnar.

Reykjavík, 27. nóvember 2023

Fyrir hönd Sinfóníuhljómsveitar Íslands,

Fyrir hönd Félags íslenskra hljómlistarmanna,

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri

Gunnar Hrafnsson
formaður